



Fundargerð

373. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps var haldinn miðvikudaginn 13. júní 2007, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Miðtúni 1, kl. 17.00.

Dagskrá

Oddviti bauð sérstaklega Ólaf Gunnbjörnsson velkominn á sinn fyrsta hreppsnefndarfund.

1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð Félagsmálanefndar 9. júní 2007
 - Fundargerð í tveim töluliðum.Fundargerðin var staðfest samhljóða.

2. Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps 2006 seinni umræða. .

Oddviti svaraði fyrirspurnum vegna ársreikningsins. Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Fjórðungssamband Vestfjarða dags. 1.júní 2007

- Undirritun samstarfssamnings sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. Undirritun fór fram þann 10.júní. Oddviti undirritaði samninginn fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða.

4. Sparisjóður Vestfirðinga dags. 7.maí 2007

- Arðgreiðsla, ósk um kaup á stofnfé. Samþykkt samhljóða að ráðstafa arðgreiðslu ársins 2007 til kaupa á stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga.

5. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 31.maí 2007

- Ný lög um gatnagerðargjald. Hreppsnefnd leggur til að farið verði í þá vinnu að endurskoða samþykktir og gjaldskrá um gatnagerðargjald. Skoða þarf hvaða leiðir sveitarfélög af sambærilegri stærð eru að fara og vinna málið í framhaldi af því.

6. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, bréf dags. 6.júní 2007

- Styrktarsjóður EBÍ - Lagt fram til kynningar.

7. Búnaðarsamstök Vesturlands, bréf dags. 4.júní 2007.

- Til kynningar.

8. Forsætisráðuneytið, bréf dags. 5.júní 2007.

- Jafnréttisgátlisti. Erindinu vísað til félagsmálaráðs. Samþykkt samhljóða.

9. Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 24.maí 2007.

- Til kynningar.

ESS

10. Félagsmálaráðuneytið, bréf dags. 16.maí 2007.

- Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð. Hreppsnefnd hefur engar athugasemdir við framlagt frumvarp. Samþykkt samhljóða.

11. Tillaga frá T-lista um útboð á þrifum á eignum sveitarfélagsins.

- “Nú þegar verði farið í að bjóða út öll þrif á vegum sveitarfélagsins. Um er að ræða grunnskóla, leikskóla, íþróttahús, sveitarskrifstofu og annað húsnæði sem hreppurinn er með á sinni könnu og þarf að ræsta reglulega”. Tillagan var felld með 3 atkv. Eyrúnar, Bjarnveigu og Guðna; Bragi samþykkti tillöguna og Ólafur sat hjá.

Meirihluti hreppsnefndar lagði fram eftirfarandi tillögu: “Leggja þarf vinnu í að athuga hvernig best væri að standa að útboði á þrifum á eignum sveitarfélagsins, hafa samráð við deildarstjóra Tálknafjarðarhrepps ekki síst í ljósi þess hvort og þá hvaða áhrif slíkt hefur á stöðugildi innan deilda. Oddvita falið að vinna málið áfram”. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Tillaga frá T-lista um skólagarða.

- “Hafist verði handa við gerð skólagarða á Tálknafirði í sumar”. Hreppsnefnd vísar tillögunni til gerðar fjárhagsáætlunar næsta haust. Samþykkt samhljóða.

13. Erindi frá eigendum Gistiheimilisins Bjarmalands ehf.

- Beiðni um gerð bílastæða þ.a. tekið verði aðeins úr lóð Hvamms norðvestan megin, svo koma megi bílastæðum þvert út frá Bjarmalandi.

Erindið samþykkt og byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu í samráði við eigendur Gistiheimilisins.

14. Umhverfisráðuneytið – hættumatsnefnd.

- Hættumat sbr. dagskrá Hreppsnefndarfundar 18.4.2007. Tálknafjarðarhreppur þarf að skipa tvo fulltrúa í hættumatsnefnd, ráðuneytið skipar tvo.

Tilnefning kom frá meirihluta um að skipa Ásgeir Jónsson; tilnefning kom frá minnihluta um að skipa Bjarna Magnússon í nefndina. Voru þessar tilnefningar samþykktar samhljóða.


15. Vinnuhópur vegna bæjarhátíðar Tálknafjörðs 2007.

Tillaga oddvita um skipan þriggja manna vinnuhóps, sem hefur það hlutverk að hrinda í framkvæmd hátíð á Tálknafirði í sumar. Tilnefninga óskað á fundinum.

Tilnefning kom frá meirihluta um Marion Worthmann og Hafdís Húnfjörð. Tilnefning kom frá minnihluta um Láru Eyjólfsdóttur. Voru þessar tilnefningar samþykktar samhljóða.

16. Sumarleyfi Hreppsnefndar sbr. Samþykkt um fundarsköp.

Tillaga kom frá oddvita um að halda næsta fund hreppsnefndar annan miðvikudag í júlí (11.júlí 2007). Eftir það verði tekið sumarleyfi. Fyrsti fundur eftir leyfi verði því annar miðvikudagur í september (12.september). Samþykkt samhljóða.




17. Fjórðungssamband Vestfirðinga bréf dags 18.maí 2007


- Tillögur vinnuhóps FV að aðgerðum og reglum vegna refa- og minkaveiða. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með tillögur vinnuhópsins og gerir ekki athugasemdir við þær. Hreppsnefnd hvetur öll sveitarfélög á Vestfirðum til að koma á samræmdum reglum um minka og refaveiðar. Samþykkt samhljóða.


18. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.

- Sveitarskrifstofa. Oddviti upplýsti sveitarstjórnarmenn um ýmsa þætti er varða sumarleyfi starfsmanna og annað er varðar skrifstofuhaldið.
- Heitur reitur, netsamband. Verið er að vinna í þessu máli.
- Framkvæmdir. Oddviti upplýsti sveitarstjórnarmenn um það sem er á döfinni í framkvæmdum hjá sveitarfélaginu.


Fleira ekki fyrir tekið og fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:20.



Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir oddviti


Olafur Gunnbjörnsson


Bjarnveig Guðbrandsdóttir


Guðni Ólafsson


Bragi Geir Gunnarsson


Helga Jónasdóttir fundarritari